

Við áreksturinn skemmdust báðar bifreiðarnar mjög mikið, en meiðsli á mönnum urðu ekki veruleg.

Með akstri sínum í umrætt skipti hefur kærði gerzt brotlegur við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 1935 og 1. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941.

Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber og samkvæmt 21. gr. áfengislaganna og 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða rétti til þess að aka bifreið í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Málið hefur verið rekið vítalaut, og dráttur sá, sem á því er orðinn, stafar af annriki við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Hannes Þorbergsson, sæti varðhaldi í 10 daga.

Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 6. febrúar 1950.

Nr. 144/1949. **Ákærvaldið** (Einar Arnórsson)

gegn

Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted

(Ragnar Jónsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Brot gegn bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að varðhald 10 daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 400 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að varðhald 10 daga komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Einar Arnórssonar og Ragnars Jónssonar, 400 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1948.

Ár 1948, föstudaginn 19. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Einari Ingimundarsyni, fulltrúa saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5652/1948: Valdstjórnin gegn Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted, sem tekið var til dóms þann 9. fyrra mán-aðar. Málið er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn kærða, Gunnlaugi Bjarnasyni Melsted byggingameistara, Rauðarárstíg, 3, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, bifreiðalögunum nr. 23 16. júní 1941, lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930 og fyrirmælum um aðalbrautir nr. 4/1943.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. maí 1908 að Fram-nesi á Skeiðum, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt þessum kærnum og refsingum:

- 1931 28/5 Sátt: 30 kr. sekt fyrir ógætilegan akstur.
- 1931 22/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðal.
- 1939 14/8 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn umferðareglum.
- 1941 3/2 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 18 1901, sbr. lög nr. 49/1933.
- 1947 22/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Um kl. 5.40 að kvöldi þess 23. desember s. l. stóð bifreiðin R 3395 kyrr við nyrðri gangstétt Laugavegar rétt fyrir austan gatnamót nefndrar götu og Smiðjustígs, og sneri bifreið þessi í vestur. Kom þá bifreiðin R 3013, sem er stór herbifreið, gerð til vörflutninga, akandi aftur á bak upp Smiðjustíg, og beygði hún síðan austur Laugaveg, en þá tókst svo til, að afturendi hennar rakst á vinstri hlið bifreiðarinnar R 3395. Urðu á þessari bifreið talsverðar skemmdir, en engar skemmdir munu hafa orðið á bifreiðinni R 3013 við áreksturinn. Eftir þetta hafði stjórnandi bifreiðarinnar R 3395, Jón Kristinn Höskuldsson bifreiðarstjóri, Sogamýrarbletti 2, tal af stjórnanda bifreiðarinnar R 3013, sem reyndist vera kærði. Kveðst

Jón Kristinn ekki hafa séð nein einkenni um áfengisáhrif á honum (kærða), en hins vegar hafi hann hegðað sér þannig, að gruna hefði mátt hann um, að eitthvað væri athugavert við hann og aksturslag hans hafi verið klaufalegt og ógætilegt. Auk þess hafi kærði ætlað að fara í burtu eftir áreksturinn, en þá kveðst Jón Kristinn hafa tekið kveikjúláslyklana úr bifreið hans og haldið þeim, þar til Björn Eysteins Kristjánsson kom á staðinn, en honum var tilkynntur áreksturinn, þar sem hann var á verði á gatnamótum Laugavegs og Skólavörðustígs. Björn Eysteins Kristjánsson lögregluþjónn kveðst hafa fundið vínlykt af kærða. Fór hann því með hann á lögregluvarðstofuna ásamt bifreið hans. Er þangað kom, yfirheyrði kærða Hallgrímur Jónsson lögregluþjónn, sem þar gegndi þá varðstjórástörfum. Ekki kveðst nefndur Hallgrímur hafa getað séð nein ölvunareinkenni á kærða, er hann yfirheyrði hann, og hafi framkoma hans, útlit og málhreimur allt virzt eðlilegt, og enga vínlykt kveðst hann heldur hafa fundið úr vitum hans, enda hafi hann (kærði) reykt vindil, meðan á yfirheyrslunni stóð.

Við yfirheyrslu þessa bar kærði, að hann hefði neytt áfengis nóttina áður og enn fremur hefði hann drukkið whisky-„sjúss“ um hádegi umræddan dag og eina flösku af íslenskum bjór þá nýlega. Neitaði kærði því eindregið við yfirheyrsluna, að hann væri undir áhrifum áfengis, en gekkst fúslega inn á, að úr honum væri tekið blóðsýnishorn, og var það síðan gert, en eftir það var kærða leyft að fara leiðar sinnar og bifreið hans ekið heim til hans.

Sjálfur hefur kærði skýrt þannig frá málavöxtum:

Hann kveðst hafa gerzt talsvert ölvaður aðfaranótt þess 23. desember s. l., en ekki segist hann hafa verið haldinn sljóleika og þreytu vegna þessarar áfengisneyzlu umræddan dag og hafi hann sofið 4–5 klst. aðfaranótt þessa dags. Kl. 12–12½ nefndan dag kveðst kærði hafa drukkið slatta í vatnsglasi af whisky, blandað með vatni eða sodavatni, en sama og ekkert kveðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa af þessu, og hafi hann verið með öllu algáður, þegar áreksturinn varð síðar um daginn. Ekki kveðst kærði hafa ætlað að fara brott af árekstrarstaðnum, eftir að áreksturinn varð, en aðeins hafi hann ætlað að færa bifreið sína nokkuð, til þess að stöðva ekki alla umferð um Laugaveg. Við rannsókn á blóðsýnishorni því, sem tekið var úr kærða, eftir að umræddur árekstur varð, kom í ljós, að 1.74% af alkóhóli voru þá í blóði hans.

Kvaddur hefur verið sem vitni Pétur Stefán Halldórsson deildarstjóri, Rauðarárstíg 3, hér í bæ, en með honum neytti kærði þess áfengis, sem hann hefur viðurkennt að hafa neytt umræddan dag á skrifstofu kærða á 3. hæð hússins nr. 3 við Rauðarárstíg. Vitnið segir kærða hafa drukkið 1 vënan „snaps“ með því milli kl. 12–12½ margnefndan dag (23. desember s. l.). Man það ekki greinilega, hvaða vintegund þetta hafi verið, en minnir þó fremur, að það hafi verið whisky. Ekki kveðst vitnið hafa séð greinileg áfengisáhrif á kærða af þessari vinnneyzlu. Kl. 6–7 að kvöldi þessa sama dags sá vitnið kærða aftur, og kveðst þá ekki hafa séð nein áfengisáhrif á honum. Við þetta tækifæri hafi kærði sagt vitninu frá öföllum sínum

og handtöku, og segist það þá hafa spurt hann, hvort hann hefði neytt annars og meira áfengis en þess, sem þeir neyttu saman fyrr um daginn, þar til hann var handtekinn síðar um daginn, og hafi kærði svarað þessari spurningu neitandi.

Samkvæmt atvikalýsingunni hér að framan telst, þrátt fyrir mikið alkóhólmagn í blóði kærða, er hann var handtekinn, ekki nægilega sann- að, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, þegar hann ók bifreiðinni R 3013 þann 23. des. s. l., enda hefur enginn þeirra, sem sáu kærða um það leyti, sem margnefndur árekstur varð, borið, að sést hafi á honum áfengisáhrif eða hann borið með sér nein ölvunareinkenni. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna kærða af kæru valdstjórnarinnar um brot gegn áfengislögunum nr. 33 9. janúar 1935.

Hins vegar verður að telja sannað, að kærði hafi ekki á tryggilegan hátt getað stjórnað bifreið þann 23. desember s. l. vegna áfengisneyzlu hans undanfarandi nótt, enda bendir aksturslag hans um það leyti, sem margnefndur árekstur varð, ótvírætt til þess. Telst hann með því að aka bifreið í slíku ástandi hafa brotið 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941.

Einnig telst kærði með því að aka bifreið viðstöðulaust af hliðargötu inn á fjölfarna aðalgötu og valda þar bifreiðaárekstri hafa gerzt brot- legur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2 7. janúar 1930.

Hins vegar telst brot kærða ekki falla undir fyrirmæli nr. 4/1943 um aðalbrautir og hliðarbrautir í nágrenni Reykjavíkur, og ber því að sýkna hann af kæru valdstjórnarinnar um brot gegn nefndum fyrirmælum.

Refsing kærða þykir samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna og 96. gr. lög- reglusamþykktar Reykjavíkur hæfilega ákveðin 1000 króna sekt til ríkis- sjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærða leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber kærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin máls- varnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar hdl., kr. 300.00.

Á rekstri máls þessa hefur orðið allmikill dráttur. Stafar hann sum- part af því, að skipuðum verjanda kærða var var veittur framlengdur frestur til að skila vörn sinni fyrir kærða, en sumpart stafar dráttur þessi af óvenjulegum önnum við embættið.

Dómsorð:

Kærði, Gunnlaugur Bjarnason Melsted, greiði 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Baldvins Jónssonar hdl., kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. febrúar 1950.

Nr. 113/1948. **Trans-Ocean, vöru- og skipamiðlun h/f**

(Magnús Thorlacius)

gegn

Dánarbúi Garðars Þorsteinssonar og gagnsök

(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skuldamál. Þóknun fyrir milligöngu um sölu fisks.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. sept. 1948, krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 3223.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1941 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. febrúar 1950, áfrýjað málinu með stefnu s. d. Krefst hann sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir gögnum málsins verður að skýra lögskipti aðaláfrýjanda og Garðars heitins Þorsteinssonar þannig, að aðaláfrýjandi hafi tekizt á hendur að vera milligöngumaður milli Garðars og fisksölufyrirtækis í Englandi um sölu fisks. Hafa ekki í málinu verið færðar sönnur á það, að aðaláfrýjandi hafi vanrækt þenna starfa, svo að hann sé bótaskyldur gagnvart gagnáfrýjanda vegna tjóns, sem hann kann að hafa beðið af völdum hins brezka sölufyrirtækis. Ber því að taka til greina kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu á kr. 3223.27 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. desember 1941 til greiðsludags.